

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Kaplakrika, skipulagsreitur 3.2.3, íþróttasvæði FH.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 3. júlí 2007 breytingu á deiliskipulagi Kaplakrika, skipulagsreitur 3.2.3, íþróttasvæði FH í Hafnarfirði. Breytingin felur í sér að frjáls-íþróttahús verður ekki niðurgrafið og fyrirkomulag bílastæða og kastvalla breytist. Einnig breytist lögum byggingarreits fyrir framan anddyri og aðkoma að bílastæðum fyrir framan anddyri. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Breyting á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar, akstursaðkoma að menntasetrinu.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 17. júlí 2007 breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar, akstursaðkoma að menntasetrinu í Hafnarfirði. Breytingin felur í sér að leyfð er akstursaðkoma að menntasetri og göngusvæði við lækinn breikka. Að öðru leyti gildir eldra skipulag sem staðfest var 19. september 1983. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Deiliskipulag Sléttuhlíðar.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 12. júní 2007 deiliskipulag Sléttuhlíðar í Hafnarfirði. Deiliskipulagið er frístundabyggð í landi Hafnarfjarðar, við Sléttuhlíð, Gráhelluhraun og Klifsholt. Heildarstærð skipulagssvæðis er um 231 ha. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að núverandi frístundabyggð verði viðhaldið og fest í sessi en ekki er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu. Jafnframt er lagt til að þjónusta veitna verði aukin, öryggi akvega bætt og gert ráð fyrir aðskilnaði akandi, gangandi og hjólandi umferðar. Frístundabyggðin er umkringd góðum útivistarsvæðum. Mörk Reykjanesfólkvangs eru færð til samræmis við núgildandi mörk hans. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*F .h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 14. ágúst 2007,*

**Málfríður Kristjánsdóttir** arkitekt.

---

B-deild – Útgáfud.: 28. ágúst 2007